

Forvarnaráætlun gegn einelti í Háteigsskóla

Upplýsingar fyrir foreldra



Verklag og viðbrögð við samskiptavanda og einelti

Í Háteigsskóla er leitast við að sníða skólastarfið í samræmi við eðli og þarfir nemenda. Stuðlað er að alhliða þroska og menntun hvers og eins og stutt er við jákvæða hegðun nemenda. Mikil áhersla er lögð á uppbyggileg samskipti og styðjandi skólaumhverfi þar sem öll hafa tækifæri til þess að upplifa öryggi og umhyggju.

Einkunnarorð skólans eru: **virðing, samvinna, vellíðan.**

Eineltisteymi Háteigsskóla

Í eineltisteymi skólans sitja aðstoðarskólastjóri, deildarstjóri skólastarfs, deildarstjóri stoðþjónustu, náms- og starfsráðgjafi og verkefnastjórar námsstiga ásamt þeim umsjónarkennurum sem að barninu koma.

Tilkynnt um einelti

Þegar vitneskja berst um einelti til skólans frá nemanda, forráðamönnum eða starfsfólki skólans, er henni komið til umsjónarkennara [Tilkynning vegna eineltis - eyðublað](#). Starfsstaðir skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar starfa eftir gátlista vegna eineltis sem unninn var í víðtæku samráði fagaðila.

Hvað er einelti

Einstaklingur er lagður í einelti ef hann verður fyrir endurteknum neikvæðum samskiptum frá einum eða fleiri einstaklingum. Einelti er ofbeldi og félagsleg útilokun sem getur haft alvarlegar afleiðingar fyrir þolandann. Sá sem verður fyrir einelti getur fyllst ótta og uppgjöf og er ekki fær um að verja sig eða þola álagið.

Gátlisti vegna eineltis:

- síendurtekin stríðni
- síendurtekið niðrandi látbragð
- síendurtekið niðrandi orð eða lygasögur
- síendurtekin andleg kúgun
- síendurteknar hótanir

- síendurtekin félagsleg höfnun eða útskúfun.

Einelti birtist líka í samskiptum á samfélagsmiðlum. Það er hlutverk fullorðna fólksins að sjá til þess að börn umgangist internetið af ábyrgð.

Samskipti og velferð nemenda

Í Háteigsskóla leggjum við áherslu á að skapa jákvætt, öruggt og styðjandi skólaumhverfi þar sem heilbrigð og virðingarfull samskipti eru í fyrirrúmi. Það er okkur hjartans mál að allir nemendur upplifi sig sem mikilvægan hluta af skólasamfélaginu. Við leggjum áhersla á samkennd og ábyrga hegðun nemenda.

Markmið okkar er að stuðla að velferð nemenda og er jákvæður skólabragur í leik og starfi mikilvægur þáttur í því.

Reglulegar kannanir á líðan nemenda geta gefið vísbendingar um samskiptavanda og/eða einelti og eru niðurstöður þeirra rýndar af umsjónarkennurum og eineltisteymi ef vísbendingar eru um einelti.

Einstakur ágreiningur milli jafningja telst ekki til eineltis, heldur sem samskiptavandi. Ef upp koma samskiptavandamál er unnið að lausn þeirra með því að styðja nemendur í að efla samskiptafærni sína.

Hlutverk umsjónarkennara í vinnu gegn einelti

- Sjá til þess að bekkurinn setji sér bekkjarsáttmála að hausti.
- Reglulegir bekkjarfundir haldnir með nemendum þar sem markmiðið er að styrkja samstöðu, samkennd og jákvæð samskipti nemenda.
- Auka ábyrgð nemenda á eigin hegðun.
- Tryggja að könnun um líðan sé lögð fyrir nemendur.
- Útbúa og viðhalda hugmyndabanka með verkefnum sem styðja við vinnu gegn einelti og samskiptavanda.
- Styðja nemendur í að vinna úr samskiptavanda og ágreiningi svo samskiptahæfni styrkist.

Verkferill Háteigsskóla þegar grunur er um einelti

Þegar vitneskja berst um einelti til skólans frá nemanda, forráðamönnum eða starfsfólki skólans, er henni komið til umsjónarkennara [Tilkynning vegna eineltis - eyðublað](#).

Starfsstaðir skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar starfa eftir gátlista vegna eineltis sem unninn var í víðtæku samráði fagaðila.

Skref fyrir skref

Skref 1

1. Eineltistilkynning berst til skólans.
2. Umsjónarkennari hefur athugun á málinu og kannar hvort nemendur hafi orðið vitni að endurtekinni neikvæðri hegðun í garð meints þolanda. Umsjónarkennari skráir samtölin við nemendur á viðeigandi skráningar eyðublað.

Skref 2

1. Umsjónarkennari og deildarstjóri eða náms- og starfsráðgjafi ræða við foreldra/forsjáraðila meints þolanda. Samtalið er skráð á viðeigandi skráningar eyðublað.
2. Umsjónarkennari og deildarstjóri eða náms- og starfsráðgjafi ræða við meintan þolanda í viðurvist foreldra/forsjáraðila. Samtalið er skráð á viðeigandi skráningar eyðublað.
3. Umsjónarkennari og deildarstjóri eða náms- og starfsráðgjafi ræða við foreldra/forsjáraðila meints geranda. Samtalið er skráð á viðeigandi skráningar eyðublað.
4. Umsjónarkennari og deildarstjóri eða náms- og starfsráðgjafi ræða við meintan geranda í viðurvist foreldra/forsjáraðila. Samtalið er skráð á viðeigandi skráningar eyðublað.
5. Eineltisteymi skólans leitar upplýsinga hjá starfsfólki skólans.
6. Ef athugun þessi leiðir í ljós að ekki er um einelti að ræði er þó áfram unnið með samskipti í viðkomandi bekk/bekkjum, m.a. með því að halda bekkjarfundi þar sem áhersla er lögð á einelti og samskipti.

Skref 3

1. Ef athugun þessi leiðir í ljós að um einelti er að ræða heldur umsjónarkennari áfram að vinna í málinu ásamt náms- og starfsráðgjafa.
2. Regluleg einstaklingsviðtöl við þolanda/þolendur og eftirfylgni með samskiptum nemenda.
3. Regluleg einstaklingsviðtöl við geranda/gerendur og eftirfylgni með samskiptum nemenda.

Skref 4

1. Næstu skref eru ákveðin með foreldrum/forsjáraðilum.
2. Tengslakönnun er framkvæmd í bekknum og niðurstöður könnunar eru rýndar af eineltisteymi skólans.

3. Ef eineltið hættir ekki er málinu vísað til lausnateymis og í framhaldinu til [Nemendaverndarráðs](#) . Þar eiga sæti skólastjóri, aðstoðar skólastjóri, námsráðgjafi, félagsráðgjafi, kennsluráðgjafi, sálfræðingur, forstöðumaður 105 félagsmiðstöðvar og forstöðumaður Halastjörnunnar frístundastarfs.

Skref 5

1. Sértek fræðsla er fengin inn í bekkinn.
2. Máli er formlega lokað þegar eftirfylgni hefur átt sér stað að minnsta kosti þrisvar sinnum án athugasemda.

Foreldrar eða skólar geta óskað eftir aðstoð sérstaks fagraðs sem starfar á ábyrgð mennta- og menningarmálaráðuneytis ef ekki tekst að finna viðunandi lausn innan skóla eða sveitarfélags, þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir og aðkomu sérfræðipjónustu.

Hvað geta foreldrar/forsjáraðilar gert

Ef skilaboð berast frá skóla um að barnið þitt taki þátt í einelti er eðlilegt að finna fyrir vonbrigðum og verða fyrir vissu áfalli. Mikilvægt er þó að hafa í huga að það gagnast ekki barninu að afsaka hegðun, réttlæta eða gera lítið úr henni. Að taka alvarlega á málinu hjálpar ekki aðeins þólandanum heldur líka barninu þínu.

Rannsóknir sýna að börn sem sýna ofbeldishegðun gagnvart félögum sínum eru í áhættuhópi hvað varðar andfélagslega hegðun til lengri tíma. Þess vegna er nauðsynlegt að beina barninu inn á farsælar leiðir í samskiptum. Fyrsta skrefið í þá átt er að taka upp jákvætt og markvisst samstarf við skólann.

Hafið í huga að meðferð og úrlausn eineltismála og samskiptavanda getur verið tímafrek og að samstarf um farsæla lausn er mikilvæg.